

Sp. 26. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur.

Flm.: Óskar Jónsson, Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem auðið er athuga til hlítar aðstöðu til þess að gera samfelldan akveg um Skaftafellssýslur og hraða þar framkvæmdum við vega- og brúargerðir með það fyrir augum að tengja akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur.

G r e i n a r g e r ð.

Góðar samgöngur eru af flestum taldar lífæðar atvinnulífsins og frumskilyrði árangurriks athafnalífs.

Löggjafinn hefur viðurkennt þessi sjónarmið með því að beina eftir beztu getu á hverjum tíma fjármagni af almannafé til samgöngubóta.

Akvegakerfið nær nú nálega kringum landið. Mun láta nærri, að nú sé ekki eftir nema ca. 100 km vegalengd, til þess að endarnir nái saman, þannig að hringurinn kringum landið lokist, en kaflinn, sem eftir er, er leiðin frá Lómagnúp í Fljótshverfi austur yfir Skeiðarársand, Öræfi og Breiðamerkursand yfir Jökulsá.

Nú mun fyrirhugað, að á næstu árum verði lokið vega- og brúargerð í Öræfum og austan þeirra. Verður þá ekki eftir nema Skeiðarársandur, ca. 30 km leið, til þess að vegasamband komist á frá Reykjavík til Austfjarða.

Mikill og vaxandi áhugi er nú hjá öllum þorra Austfirðinga og þá eigi síður hjá Skaftfellinum fyrir því, að allt verði gert, sem unnt er, af hálfu Alþingis til að gera ráðstafanir, er dugi, til að fullgera vegasambandið milli Reykjavíkur um Suðurland til Austfjarða.

Það orkar ekki tvímælis, að mjög rik þörf er fyrir, að vegasamband frá Reykjavík um Suðurland til Austfjarða opnast sem allra fyrst, eigi sízt eftir að atvinnulíf hefur færzt svo mjög í aukana með stórvaxandi sildveiðum við Austurland. Sjá allir, hve ómetanlega þýðingu það hefði fyrir athafna- og atvinnulífið á Austfjörðum. Þá er það öllum augljóst, hversu mikilsvert það er fyrir afskekkt héruð að komast í þjóðbraut. Þá má á það benda, að sú leið, er þarna opnaðist, yrði vafalaust vinsæl og fjölfarin bæði af innlendum og erlendum ferðamönnum.

Ávinningurinn við að gera Suðurlandsveg allan akfæran er að allra manna dómi, sem til þekkja, svo mikill og margvíslegur, að knýjandi nauðsyn er að athuga til hlítar, alla möguleika og aðstöðu til að gera fullfæran samfelldan akveg um Skaftafellssýslur og hraða þar framkvæmdum við vega- og brúargerðir, svo sem verða má.

Með tilliti til þess, sem að framan er greint, og af enn fleiri ástæðum verður að teljast réttmætt, að sú athugun, sem tillaga þessi ráðgerir, verði látin fram fara á komnadi sumri og í framhaldi af því verði gerðar ráðstafanir til að opna hringleiðina um Ísland sem fyrst.